Nr. 1.
9.
jan.

# Lög

um

breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. mai 1872.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal á ári hverju gjöra áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins, og að því leyti sem fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins ekki hrökkva fyrir útgjöldum, jafna niður því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili í hreppnum, eptir efnum og ástandi. Áætlunina skal semja eptir fyrirmynd, sem sýslunefndin hefir til búið, og skal hún liggja á hentugum stað, sem birtur hefir verið fyrirfram á venjulegan hátt, hreppsbúum til sýnis 3 vikur á undan reihningsárinu. Um leið og áætlunin er lögð fram skal senda sýslunefndinni eptirrit af henni.

Niðurjöfnun hreppsgjaldanna eptir efnum og ástandi skal gjörð á tímabilinu frá 1. til 20. októberm. Niðurjöfnunarskráin skal liggja hreppsbúum til sýnis í 4 vikur frá því, er niðurjöfnuninni er lokið, á sama stað og áætlunin. Innan þess tíma skal bera brjeflega upp aðfinningar við niðurjöfnunina fyrir oddvita hreppsnefndarinnar, en hann skal kveðja nefndina til fundar hið fyrsta því verður við komið, og leggja umkvartanirnar fyrir hana til úrskurðar. Sjerhverjum er heimilt, sem sveitartillagi er jafnað niður á, að bera sig upp um það, hvernig skatturinn er lagður á aðra, og um það, að einhverjum hafi verið sleppt við niðurjöfnunina.

Áður en nefndin leggur úrskurð sinn á nokkra umkvörtun, skal gefa bæði kæranda og þeim, sem kært er yfir, tækifæri til á nefndarfundi, sem hann sje kvaddur til með 4 daga fresti, að segja álit sitt um umkvörtun þá, sem upp hefur verið borin, en það má einnig gjöra skriflega. Úrskurði þeim, sem hreppsnefndin leggur á umkvörtun þá, sem upp er borin fyrir henni, má innan þriggja vikna frá því, að hann var birtur hlutaðeiganda, skjóta til sýslunefndarinnar, sem leggur endilegan úrskurð á málið á næsta fundi sínum. Eindagi á sveitargjöldum er 31. desemberm., nema hreppsnefndin gefi lengri frest.

Enginn sá, er gjald á að greiða, getur með því að skjóta gjaldsálögunni undir úrskurð sýslunefndarinnar, komizt hjá þeirri skyldu, að greiða það, þegar eindagi þess er kominn. Ef sýslunefndin breytir álögunni, skal endurgjalda það, sem gjalþegninn hefir greitt fram yfir það, sem honum bar, með því að borga honum það aptur, eða láta það ganga upp í þann hluta sveitartillags hans, sem greiða á næst þar á eptir.

Nr. 1. 9de Jan.

# Lov

om

## Forandring i Forordning af 4de Mai 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I enhver Rep skal Repforstanderskabet aarlig affatte et Overslag over samtlige Kommunens Indtægter og Udgifter og, for saa vidt de sidste ikke dækkes ved Fattigtienden og andre Kommunen tilkommende Indtægter, paaligne samtlige Reppens Beboere det manglende Beløb efter Formue og Lejlighed. Overslaget affattes efter et af Sysselforstanderskabet dertil foreskrevet Skema og fremlægges i 3 Uger inden Regnskabsaarets Begyndelse til almindeligt Eftersyn for Reppens Beboere paa et for disse bekvemt, og paa sædvanlig Maade forud bekjendtgjort Sted. Samtidigt med Fremlæggelsen indsendes en Gjenpart af Overslaget til Sysselforstanderskabet.

Ligningen efter Formue og Lejlighed skal finde Sted i Tidsrummet fra 1ste til 20de Oktober. Fortegnelsen over Ligningen skal fremlægges til almindeligt Eftersyn for Reppens Beboere paa det samme Sted som Overslaget i 4 Uger efter Ligningens Afslutning. Indsigelser mod Ligningen fremføres skriftlig inden Udløbet af den nævnte Frist for Forstanderskabets Formand, som sammenkalder Forstanderskabet til Møde saa hurtigt som muligt og forelægger de indkomne Besværinger til Afgjørelse. Det staar Enhver, som ved Ligningen er ansat til Kommunebidrag, frit for at klage over Andres Beskatning, saavelsom over, at Nogen er forbigaaet ved Ligningen.

Forinden nogen af de nævnte Klager afgjøres af Forstanderskabet, skal der gives saavel Klageren, som den, der er Gjenstand for Klagen, Lejlighed til i Forstanderskabets Møde, hvortil han maa tilsiges med 4 Dages Varsel, at udtale sig over den fremsatte Klage, hvad han ogsaa har Ret til at gjøre skriftlig. Den af Forstanderskabet i Anledning af den indkomne Klage tagne Beslutning kan inden 3 Uger, efterat den er meddelt Vedkommende, indankes for Sysselforstanderskabet, der endelig paakjender samme i sit næste Møde. Betalingstermin for de kommunale Afgifter er den 31te December, saafremt Repforstanderskabet ikke giver længere Frist.

Ingen Afgiftspligtig kan ved at indanke Skatteansættelsen for Sysselforstanderskabet unddrage sig Forpligtelsen til at udrede Skatten, naar den er forfalden til Betaling. Naar Sysselforstanderskabet forandrer Skatteansættelsen, berigtiges det Beløb, som den Afgiftspligtige har betalt for meget, ved Tilbagebetaling til ham eller ved Afregning i den nærmest derefter forfaldende Del af hans Kommuneafgifter.

Nr. 1.
9.
jan.

2. grein.

Í hverri sýslunefnd skal vera einn kjörinn maður úr hverjum hreppi sýslufjelagsins, auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar. Þegar skera á úr þeim málum, sem snerta uppfóstur og uppeldi barna, og um er rætt í 2. kafla 14. greinar í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, skal þar að auki hlutaðeigandi prófastur sitja í nefndinni og hafa atkvæði.

Í Vestmannaeyjasýslu er sýslumaðurinn, sóknapresturinn og þrír kjörnir menn í nefndinni.

3. grein.

Ef sýslunefnd álítur haganlegt að fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur, að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda, getur hún veitt hæfilega þóknun fyrir þann starfa.

4. grein.

Með lögum þessum eru felldar úr gildi 19. og 28. gr., svo og þriðji kafli 29. greinar í lögum um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 9. dag janúarm. 1880.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

*J. Nellemann.*

§ 2.

I hvert Sysselforstanderskab skal foruden Sysselmanden, som er Forstanderskabets Formand, være 1 valgt Medlem fra hver af Sysselets Repper. Ved Afgjørelsen af de i Frdn. om de islandske Landkommuners Styrelse af 4de Mai 1872 § 14 2det Stykke omhandlede Sager, angaaende Børns Opfostring og Opdragelse, skal derhos vedkommende Provst have Sæde og Stemmeret i Forstanderskabet.

I Vestmannø Syssel bestaar Forstanderskabet af Sysselmanden, Sognepræsten og 3 valgte Medlemmer.

§ 3.

Anser Sysselforstanderskabet det hensigtsmæssigt at overdrage til et eller flere af dets Medlemmer det Hverv i Mellemtiden mellem Forstanderskabets Sammenkomster at forberede et eller andet Anliggende, kan Forstanderskabet bevilge et passende Vederlag herfor.

§ 4.

Ved nærværende Lov ophæves § 19 og § 28 samt 3die Stykke af § 29 i Forordningen af 4de Mai 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9de Januar 1880.

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*